



**25.fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga haldinn í Hveragerði 7.nóvember 2017 kl. 8:30.**

Mætt: Ari Björn Thorarensen, Sveinn Steinarsson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Arna Ír Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð í tölvu.

**1. Alviðra**

Staðan rædd eftir heimsókn fulltrúa Landverndar á haustfundi Héraðsnefndar. Formanni falið að gera uppkast að formlegu bréfi til Landverndar þar sem lagt er til að skipta eigninni upp í annars vegar Alviðru og hins vegar Öndverðarnes.

**2. Húsnæðismál Byggðasafns og Héraðsskjalasafns**

Á haustfundi Héraðsnefndar var eftirfarandi bókað: „Stjórn HÁ lagði til að framkvæmdastjórn stofni starfshóp til að fara yfir húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins og Byggðasafns Árneseinga og kanna hvort hægt sé að nýta þau húsnæði sem fyrir eru, hvort eigi að kaupa nýtt eða notað húsnæði og hvort hægt sé að samnýta húsnæði fyrir bæði söfnin“. Formönnum stjórna Héraðsskjalasafns og Byggðasafns ásamt forstöðumönnum falið að vinna þarfagreiningar varðandi húsnæðismál safnanna.

**3. Bréf frá HSK**

Héraðsnefnd Árneseinga barst þakkarbréf frá HSK fyrir veittan stuðning.

**4. Ráðning á nýjum skólastjóra Tónlistarskóla Árneseinga.**

Helga Sighvatsdóttir hefur verið ráðin skólastjóri Tónlistarskólans og tekur hún til starfa 1.janúar nk. Framkvæmdastjórn héraðsnefndar óskar Helgu velfarnaðar í starfi.

**5. Laun forstöðumanna.**

Náðst hefur samkomulag við forstöðumann Byggðasafns og Listasafns og er formanni HÁ falið að skrifa undir ráðningarsamninga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00.

Arna Ír Gunnarsdóttir (sign)

Sveinn Steinarsson (sign)

Ari Björn Thorarensen (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir (sign)

Halldóra Hörleifsdóttir (sign)